

Ed.

749. Frumvarp til laga

[282. mál]

um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningskilum til notkunar í viðskiptum.

2. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni sem

1. er búsettur hér á landi,
2. er lögráða og hefur forræði fjár síns,
3. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,

4. hefur eftir 18 ára aldur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a.m.k. eitt og hálf ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 3. tl.
5. hefur staðist prófraun skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar skv. 1. gr. skal ganga undir verklegt próf. sbr. 5. tl. 2. gr., fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar, enda fullnægi hann skilyrðum 1.—4. tl. 2 gr. Engum er heimilt að endurtaka próf þetta nema einu sinni.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis, undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá ákvæðum 3., 4. og 5. tl. 2. gr. enda mæli prófnefnd og/eða viðskiptadeild Háskóla Íslands með því, eftir því sem við á.

5. gr.

Endurskoðandi skal fá um löggildingu sína skirteini er ráðherra gefur út.

6. gr.

Þeim einum er heimilt að nefna sig „löggiltur endurskoðandi“ sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar.

Öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum er eigi heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Þá er og óheimil notkun starfsheitis sem til þess er fallið að vekja þá trú að maður sé löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

8. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

9. gr.

Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfélögum þeir reka skrifstofur.

Starfræki löggiltur endurskoðandi, eða félagsskapur löggiltra endurskoðenda, skrifstofur í fleiri en einu sveitarfélagi skal hverri skrifstofu veitt forstaða af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum.

11. gr.

Löggiltum endurskoðanda er óheimilt að framkvæma endurskoðun hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum þar sem hann er, að öllu leyti eða að hluta, ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja.

Þá má hann ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd, framkvæmdastjóri eða starfsmaður viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

Hann má heldur ekki vera undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum.

Hann má ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Hann má ekki vera fjárhagslega háður viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

12. gr.

Nú ákveður dómari að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara og skal þá til þess starfa kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er kostur.

13. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda hvort endurskoðunarstarf samrýmist öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra og getur ráðherra þá svift endurskoðanda löggildingunni sinni.

14. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingunni, sbr. 13. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir lagaskilyrðum skal ráðherra, að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda, veita honum löggildingunni að nýju.

15. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni, eftir kröfu ákærvalds, undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla. Fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi uns dómur gengur.

16. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar allt að 1 000 000 kr. sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 frá 29. desember 1953 um löggilta endurskoðendur og lög nr. 42 frá 29. mars 1961, um breyting á þeim lögum. Þó skulu þeir menn sem löggiltir hafa verið sem endurskoðendur fyrir gildistöku þessara laga halda starfsheiti sínu og starfsréttindum en ákvæði 7.—17. gr. þessara laga gilda einnig um þá.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skal heimilt, eftir nánari fyrirætlun ráðherra, að preyta próf samkvæmt reglugerð nr. 217/1953 fram til ársloka 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda, skilyrði til að fá löggildingu sem endurskoðandi og fleiri ákvæði um löggilta endurskoðendur gilda nú lög nr. 89 frá 1953. Þau lög leystu af hólmi fyrstu lög um löggilta endurskoðendur hér á landi, lög nr. 9 frá 15. júní 1926.

Segja má að frá því að núgildandi lög um löggilta endurskoðendur voru sett hafi orðið stórfelld breyting á skilningi manna á mikilvægi og nytsemi reikningsskila fyrirtækja og einstaklinga sem stjórnækis við atvinnurekstur. Þá hafa síaukin viðskipti og samskipti við erlenda aðila gert mönnum ljósa nauðsyn þess að reikningsskil íslenskra aðila, bæði ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja, séu þannig úr garði gerð að þeim megi treysta. Þá gera opinberir aðilar meiri kröfur til reikningsskila en áður. Verkefni endurskoðenda verða því sífellt viðameiri, fjölbreytilegri og vandasamari.

Á flestum sviðum þjóðlífsins eru gerðar auknar kröfur um þekkingu manna og menntun. Á það einnig við þá menn er annast bókhald, reikningsskil og endurskoðun. Er það því ekki að ástæðulausu að meginbreyting þessa frumvarps, miðað við núgildandi lög, er sú að lagt er til að bóklegt nám við viðskiptadeild Háskóla Íslands komi í stað námskeiðahalds þess sem verið hefur fyrir nema í endurskoðun.

Enda þótt flestir, sem kennt hafa á námskeiðunum, hafi verið háskólakennarar verður námið í fastari skorðum með því að færa það inn í háskólann og gefur verðandi endurskoðendum kost á meiri og betri fræðslu en þeir eiga nú kost á.

Frumvarp þetta, sem og eldri lög um löggilta endurskoðendur, miðar að því að tryggja að einungis hæfir menn fái löggildingu sem endurskoðendur og að þeir, sem löggildingu öðlast, njóti réttinda og hafi skyldur eftir því sem réttmætt og eðlilegt má teljast. Að sjálfögðu er við það miðað að endurskoðendur, sem löggiltir hafa verið samkvæmt eldri lögum, haldi þeim réttindum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein er þýðingarmesta breytingin frá núgildandi lögum, þ. e. ákvæði um að skilyrði til að hljóta löggildingu sem endurskoðandi sé að ljúka prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands, með endurskoðun sem kjörsvið. Hér er lagt til að einu kjörsviði sé bætt við í síðari hluta í viðskiptadeildinni. Þá er hér kveðið nánar á um verklega menntun endurskoðenda sem fjallað er um í 2. gr. núgildandi laga.

Í núgildandi lögum eru m. a. skilyrði fyrir löggildingu endurskoðanda, að hann sé íslenskur ríkisborgari og að hann hafi náð 25 ára aldri.

Ekki þykir ástæða til þess að hafa þessi ákvæði þar sem búseta í landinu, ásamt þeim menntunarkröfum sem gerðar eru, ættu að tryggja nægjanlega vel það sem að var stefnt með þeim ákvæðum. Jafnframt er opnaður möguleiki fyrir því að erlendir ríkisborgarar, sem búsettir væru hérlandis, gætu fengið löggildingu sem endurskoðendur væru þeir til þess hæfir að öðru leyti. Þá er einnig opnaður möguleiki fyrir því að maður yngri en 25 ára geti fengið löggildingu þótt litlar líkur séu á því að námi sé lokið áður en þeim aldri er náð. — Komi það hins vegar fyrir er ekki talin ástæða til að biða með að veita löggildinguna.

Um 3. gr.

Þessi grein á einungis við verklegt próf þar sem nú er gert ráð fyrir að próf frá viðskiptadeild háskólans komi í stað bóklega hluta prófsins.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um undanþáguheimildir sem eru með sama hætti og í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða tilsvarendi grein í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þó er kveðið skýrar á um notkun orðsins „endurskoðandi“ í starfsheiti. Er það gert til þess að fyrirbyggja misskilnig um að maður sé löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar eru samhljóða tilsvarendi greinum í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í grein þessari er það nýmæli að reki endurskoðendur, eða félagsskapur endurskoðenda, skrifstofur í fleiri en einu sveitarfélagi þá skal hverri skrifstofu veitt forstaða af löggiltum endurskoðanda. Ákvæði þetta á að tryggja að skrifstofur löggiltra endurskoðenda verði ekki fleiri en svo, að viðskiptamenn þeirra fái þá þjónustu sem þeir eiga kröfu á.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Í henni er ákvæði um þýðingu áritunar endurskoðandans á reikningsskilin. Almenn er nú svo litið á að áritun endurskoðanda á reikningsskil sé hluti af reikningsskilunum sjálfum. Er því talið eðlilegt að þetta ákvæði verði í lögnum.

Um 11. gr.

Tilgangur laga þessara er skv. 1. gr. að tryggja að til sé í landinu stétt sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskjilum til notkunar í viðskiptum.

Slíkt álit getur því aðeins verið áreiðanlegt að endurskoðandi hafi endurskoðað reikningsskilin.

Ef slík endurskoðun fer fram er nauðsynlegt að endurskoðandi sé á engan hátt háður þeim stofnunum og fyrirtækjum sem endurskoðun er framkvæmd hjá. Ekki er síður nauðsynlegt að utanaðkomandi aðili geti treyst því að svo sé.

Til þess að taka af allan vafa í þessum efnum eru í greininni ítarleg ákvæði um hvaða tengsl megi ekki vera fyrir hendi, í því skyni að styrkja hlutleysi endurskoðanda.

Sams konar ákvæði er ekki í lögum en síðari hluti 12. gr. reglugerðar um löggilta endurskoðendur gengur nokkuð í sömu átt.

Um 12. gr.

Nánast samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 13. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að frumvarpið gerir ráð fyrir að ákveðin nefnd, „Álitsnefnd“, í Félagi löggiltra endurskoðenda geri umræddar tillögur en ekki félagið. Nefnd þessi, sem kosin er á aðalfundi félagsins, hefur það hlutverk að láta uppi fyrir félagsins hönd rökstutt álit um hvers

konar fyrirspurnir varðandi grundvallaratriði reikningslegs- og endurskoðunarlegs eðlis sem fyrir félagið kynnu að verða lagðar af Alþingi, framkvæmdavaldi ríkisins, dómstólum og einstökum félagsmönnum.

Um 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 11. gr. núgildandi laga, nema lagt er til að áður nefnd „Álitsnefnd“ komi í stað prófnefndar. Virðist það í alla staði eðlilegt.

Um 15. gr.

Samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Samhljóða 13. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Efnislega samhljóða 14. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Í grein þessari er gætt eðlilegra hagsmuna þeirra manna sem þegar hafa hlotið löggildingu sem endurskoðendur.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þetta bráðabirgðaákvæði er eðlilegt til að tryggja rétt þeirra sem þegar hafa hafið endurskoðunarnám skv. reglugerð nr. 217/1953.